

18. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 18. september 2019 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

Lögð var fram tillaga að dagskrárbreytingu, að inn komi fjórir nýir dagskrárliðir, þ.e. 2.6, 3.10, 3.11 og 7.7, og var hún samþykkt samhljóða.

1. Kynning á Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Laufey Guðmundsdóttir og Dagný Hulda Jóhannsdóttir frá Markaðsstofu Suðurlands mætir til fundar með kynningu á Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland.

2. Fundargerðir til samþykktar:

2.1. 182. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-104.

Mál nr. 1; Miðmundarholt 1-6; Ásahreppur; Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis; Aðalskipulagsbreyting – 1804005.

Lögð fram greinargerð og uppdráttur vegna breytingar á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigandi íbúðarlóða á Miðmundaholti hefur óskað eftir að á lóðunum verði heimilt að vera með gistingu í flokki II skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016. Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti á þá veru að landnotkun svæðisins breytist úr íbúðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði. Lýsing vegna verkefnisins var kynnt með auglýsingu 27. mars 2019. Þá var breytingartillagan kynnt almenningi með auglýsingu 30. apríl 2019. Samhliða ofangreindri breytingu er unnin samsvarandi deiliskipulagsbreyting fyrir svæðið.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna, greinargerð og uppdrátt að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.

Mál nr. 13; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 104 – 1908002F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst 2019 lagðar fram til kynningar.

2.2. 183. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-105.

Mál nr. 1; Miðmundarholt 1-6 Ásahreppur; Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis; Deiliskipulagsbreyting – 1805050.

Lögð er fram tillaga Eflu verkfræðistofu dags. 2. maí 2019 að breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðmundarholt í Ásahreppi. Á hverri lóð verður heimilað að byggja allt að 250 m² íbúðarhús. Einnig verður heimilt að byggja annaðhvort allt að 500 m² skemmu eða 450m² skemmu og allt að 80m² gestahús. Heimiluð er gisting í atvinnuskyni fyrir allt að 10 manns á hverri lóð.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Tillagan verður auglýst samhliða samsvarandi aðalskipulagsbreytingu.

Mál nr. 2; Steinslækur við Sumarliðabæ (L165307, L165164); Ræsi; Framkvæmdaleyfi – 1908073.

Lögð er fram umsókn Erlings F. Jenssonar, dags. 27. ágúst 2019, fyrir hönd Vegagerðarinnar, um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við að setja ræsi í stað einbreiðrar brúar yfir Steinslæk við Sumarliðabæ, L165307 og L165164. Einnig verður veglína sitt hvoru megin við ræsið aðlöguð ræsinu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framkvæmdina og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við fyrirbyggjandi gögn umsækjanda.

2.3. 4. fundur stjórnar Lundar.

Stjórn Lundar óskar eftir því við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að ábyrgjast yfirdrátt hjá stofnuninni að upphæð kr. 65 mkr. sem myndi skiptast á tvo reikninga. Annars vegar 55 mkr. vegna byggingarreiknings og hins vegar 10 mkr. vegna rekstrarreiknings.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ábyrgjast sinn hluta af yfirdrætti sem lítur að rekstrarreikningi Lundar, kr. 10.000.000.

2.4. 18. fundur stjórnar Odda bs.

Í 2. dagskrárlið er lagður fram og samþykktur viðauki 1 við fjárhagsáætlun Odda bs sem hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti Viðauka 1.

2.5. Fundur Oddvitanefndar UTU, dags. 2. september 2019.

Lögð fram fundargerð Oddvitanefndar UTU sem haldinn var í Aratungu þann 2. september 2019.

Í 4. dagskrárlið var samþykkt með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna, að ráðinn yrði starfsmaður í fullt starf til að sinna þessum málaflokki og öðrum þeim verkefnum sem tengjast honum. Umræddur starfsmaður verði hluti af seyruverkefnum og kostnaður við hann gerður upp í tengslum við verkefnið.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að ráðinn verði starfsmaður í fullt starf til að sinna þessum störfum.

2.6. 66. fundur stjórnar UTU ásamt ársreikningi.

Lögð fram fundargerð 66. fundar stjórnar UTU. Undir fyrsta dagskrárlið er ársreikningur 2018 lagður fram til samþykktar. Stjórnin samþykkir ársreikninginn og vísar honum til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga til staðfestingar.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fram lagðan ársreikning fyrir rekstrarárið 2018 fyrir sitt leyti.

3. Fundargerðir til kynningar:

3.1. 68. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

3.2. 69. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

3.3.. 3. fundur Héraðsnefndar Rangæinga ásamt ársreikningi 2018.

3.4. 1. verkfundur; Saurbær - vinnsluhús.

- 3.5. Stjórnarfundur Bergrisans, dags. 26. ágúst 2019.
- 3.6. 198. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 3.7. 548. fundur stjórnar SASS.
- 3.8. 37. fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
- 3.9. 873. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 3.10. 65. fundur stjórnar UTU.
- 3.11. 67. fundur stjórnar UTU.

4. **Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2019.**

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps frá 13. september 2019.

5. **Skipulagsmál:**


- 5.1. Aðalskipulag Áshrepps; endurskoðun á gildandi skipulagi.
Umræða varð í hreppsnefnd um endurskoðun á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og hvernig skuli staðið að endurskoðun.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að hefja viðræður við skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins um endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps og að unnin verði tillaga að verkáætlun og samningi milli aðila, sem lögð verði fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að skipa tvo fulltrúa í vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulagsins, einn fulltrúi frá hvorum lista í hreppsnefnd og sveitarstjóri mun vinna með hópnum. Sveitarstjórn samþykkir að skipa Ástu B. Ólafsdóttur og Egil Sigurðsson í vinnuhópinn.
- 5.2. Svæðisskipulag Suðrhálendis.
Lagt fram minnisblað frá starfshópi SASS um svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórna sem að verkefninu koma hvað varðar framhalds verkefnisins.
Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar þessu verkefni og mun standa að því fyrir sitt leyti.

6. **Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga ásamt reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs og tölvuskeytis sveitarstjóra Grýtubakkahrepps.**

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga ásamt reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs, svo og tölvuskeyti sveitarstjóra Grýtubakkahrepps.
Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir sjónarmið sem fram koma í tölvuskeyti sveitarstjóra Grýtubakkahrepps.

7. **Innsend bréf og erindi:**

- 7.1. Tölvuskeyti Hugufrúar Hannesdóttur, dags. 6. september 2019; Umsókn um styrk vegna fráveituhreinsistöðvar.
Lagt fram tölvuskeyti Hugufrúar Hannesdóttur þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna fráveituhreinsistöðvar við hús í byggingu að Hellatúni lóð C.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að veita styrk að upphæð kr. 300.000.
- 7.2. Tölvuskeyti Eydísar Tómasdóttur, dags. 11. júlí 2019; hlið við Bugaveg.
Lagt fram tölvuskeyti Eydísar Tómasdóttur þar sem skorað er á sveitarstjórn að lagfæra hlið við ristarhliðið á Bugavegi. Myndir af hliðinu eru meðfylgjandi skeytinu.



Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að sveitarstjóri verði í sambandi við Vegagerðina að bætt verði úr ástandi hliðsins. Varðandi reiðveginn þá bendir hreppsnefnd á að hægt er að sækja um styrk til sveitarsjóðs vegna lagfæringar og lagningu reiðvega með vegum, en verkefnið er á höndum þess sem sækir um.


- 7.3. Tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 20. ágúst 2019; upplýsingavettvangur.
Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands þar sem kynnt er áhersluverkefni sem lítur að upplýsingavef fyrir aðila sem áhuga hafa á að fjárfesta á Suðurlandi. Hreppsnefnd Ásahrepps list vel á verkefnið og hvetur Markaðsstofu Suðurlands að halda áfram þessu verkefni Suðurlandi til framgangs. Hreppsnefnd Ásahrepps mun skoða að hvaða leyti þessi upplýsingavefur geti komið að gagni fyrir Ásahrepps.
- 7.4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. júní 2019; yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál.
Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga sem felur í sér yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál. Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir framlagða yfirlýsingu og samþykkir hana fyrir sitt leyti.
- 7.5. Tölvuskeyti Félagsþjónustunnar, Helgu Lind Pálsdóttur, dags. 26. ágúst 2019; forvarnarteymi.
Lagt fram tölvuskeyti Félagsþjónustunnar varðandi nýtt fyrirkomulag í forvarnarteymi félagsþjónustunnar. Hugmyndin gengur út að stofnað verði forvarnarteymi sem stjórnað verði af félagsráðgjafa félagsþjónustunnar. Leitast verði við að skipa í teymið einstakling/um frá hverju aðildarsveitarfélagi. Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar þessu framtaki og list vel á þessa útfærslu fyrir sitt leyti.
- 7.6. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. ágúst 2019; Umsögn um drög að stefnu í úrgangsmálum.
Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga og umsögn sambandsins um drög að stefnu í úrgangsmálum. Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um framlögð drög að stefnu í úrgangsmálum.
- 7.7. Þjónustusamningur um viðhald á landfræðilegum gögnum við Loftmyndir ehf. Lögð fram drög að þjónustusamningi um viðhald á landfræðilegum gögnum milli Loftmynda ehf og skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, f.h. aðildarsveitarfélaganna.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlög drög að þjónustusamningi fyrir sitt leyti.


8. Bréf og erindi til kynningar:


- 8.1. Afrit af bréfi Vegagerðarinnar, dags. 21. ágúst 2019; tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Skammalækjarveggar 2896-01 af vegaskrá.
8.2. Áskorun til sveitarfélaga frá Samtökum grænkerá á Íslandi.
8.3. Tölvuskeyti HSK, dags. 28. ágúst 2019; verkefnið Göngum í skólann 2019.
8.4. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 27. ágúst 2019; dagur fórnarlamba umferðarsýsa.





Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.



Asta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Elín Grétarsdóttir


Egill Sigurðsson


Valtýr Valtýsson